



X-204-STOF

NÝSKÖPUN OG STOFNUN FYRIRTÆKJA

6 ECTS

Námskeiðið er kennt í viðskiptadeild.

Ár:	1. ár.
Önn:	Vorönn.
Stig námskeiðs:	1. Grunnám, grunnnámskeið.
Tegund námskeiðs:	Skyldunámskeið fyrir allar námsbrautir í BSc verkfræði.
Nauðsynlegir undanfarar:	Engir undanfarar.
Skipulag:	Fyrirlestrar og hópastarf í 3 vikur í lok annar.
Umsjónarkennari:	Hrefna S. Briem.
Kennari:	Hrefna S. Briem o.fl.

Lærdómsviðmið: Með hæfniviðmiðum er átt við þá þætti sem falla undir þekkingu, leikni og hæfni innan Nýsköpunar og stofnunar fyrirtækja og nemendum er ætlað að tileinka sér á önninni.

Þekking:

- Nemendur geti gert grein fyrir grunnhugtökum í frumkvöðlafræðum og þekki hugtök á borð við viðskiptamódel, viðskiptaáætlun, styrki, örfjárfestingar, viðskiptaenglar, framtaksfjárfestingar, frumkvöðlasetur
- Nemendur hafi skilning á vaxtaferli fyrirtækja
- Nemendur hafi skilning á nýsköpunar og frumkvöðlaumhverfinu á Íslandi og hvaða grunnþjónusta standi til boða á mismunandi stigum eftir þörfum fyrirtækja fram að framtaksfjárfestingu
- Nemendur þekki grunnþjónustuveitur á vefnum sem aðstoði frumkvöðla við framgang sinna viðskiptahugmynda

Leikni:

- Nemendur geti haldið blaðlausar kynningar um viðskiptahugmynd
- Nemendur geti haldið fjárfestingakynningu um viðskiptahugmynd
- Nemendur geti teiknað dæmi um vaxtaferil fyrirtækja
- Nemendur skilji umfjöllun fjölmiðla um nýsköpunar og frumkvöðlaumhverfið
- Nemendur geti talað við mögulega viðskiptavini viðskiptahugmynda og fengið upplýsingar um þarfir þeirra og hvort viðskiptahugmyndin samræmist þeim þörfum eða hvort gera þurfi breytingar

Hæfni:

- Nemendur geti metið áhrif stjórnvaldsáðgerða á stuðningsumhverfi nýsköpunar og frumkvöðlaumhverfisins
- Nemendur átti sig á hvaða gögn gefi upplýsingar um þróun nýsköpunar og frumkvöðlaumhverfisins
- Nemendur geti túlkað umfjöllun fjölmiðla um sprotafyrirtæki
- Nemendur viti hvaða lykilskjöl eru nauðsynleg til að stofna fyrirtæki á Íslandi og lyklatríði sem beri að huga að í þeim efnum

Birt með fyrirvara um breytingar.

Uppfærðar upplýsingar um námsmat og kennsluáferðir eru birtar í kennslukerfinu Canvas í upphafi hvorrar annar.

**Lýsing:**

Námskeiðið miðar að þróun viðskiptahugmyndar yfir í viðskiptatækifæri og gerð fullbúinnar viðskiptaáætlunar fyrir nýtt fyrirtæki og skiptist í fjóra meginþætti:

- (i) Viðskiptatækifæri og uppsprettur þeirra – viðskiptahugmyndin.
- (ii) Undirbúningur viðskiptaáætlunar – veruleikaprófið.
- (iii) Gerð viðskiptaáætlana.
- (iv) Kynning viðskiptahugmyndar fyrir fjárfestum.

Lesefni: 1) Peter Thiel, *Zero to One*, 1. útg. Virgin books 2014. 2) Jake Knapp, *SPRINT*, 1. útg. Bantam Press 2016. 3) *Venture deals: Be Smarter than your Lawyer and Venture Capitalist*, 4. útg. Wiley 2019. 4) Ben Horowitz, *The Hard Things About Hard Things: Building a Business When There Are No Easy Answers*, 1. útg. HarperCollins 2014.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og hópavinna.

Námsmat: Verður kynnt í kennslukerfinu Canvas í upphafi annar.

Tungumál: Íslenska.

Birt með fyrirvara um breytingar.

Uppfærðar upplýsingar um námsmat og kennsluaðferðir eru birtar í kennslukerfinu Canvas í upphafi hvernar annar.